

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, flugvallarsvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Flugvallarsvæði við Eyjafjarðarbraut stækkar úr 45 ha í 103 ha, yfir svæði sem nú er skilgreint sem óbyggt svæði og almennt útivistarsvæði, auk þess sem gert er ráð fyrir um 300.000 m<sup>2</sup> landfyllingu.
- Mörk þéttbýlisuppdráttar færast austar og sunnar.
- Gert er ráð fyrir 1,2 ha stofnanasvæði á landfyllingu milli Drottningarbrautar og flugvallarsvæðis á móts við gatnamót við Þórunnarstræti.
- Afmörkun á verndarsvæði óshólma Eyjafjarðarar breytist og verða vestur mörk þess austan flugvallarsvæðisins.
- Reiðleið og gönguleið eftir gamla þjóðveginum færast suður fyrir flugvallarsvæðið.
- Farvegur Brunnár breytist.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgangið erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 27. júlí 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*